

Minnisblað:

Hvaða áhrif hefur mismunandi útfærsla á hækkun raforkuverðs.


Nokkuð er á reiki hvaða áhrif breytt fyrirkomulag flutnings á raforku hefur á verð rafmagns í landinu. Hér á eftir er einungis horft til áhrifanna á svæði Orkuveitu Reykjavíkur en ekki annarsstaðar á landinu. Tveir sjálfstæðir útreikningar hafa verið framkvæmdir á þessum áhrifum, annars vegar af Orkustofnun og hins vegar af Landsvirkjun. Samkvæmt álitum Landsvirkjunar mun flutningur til OR hækka um 16% sem muni hafa um 4% áhrif til hækkunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Útreikningar Orkustofnunar sýna áhrif frá 12% hækkun flutnings í 58% hækkun flutnings miðað við mismunandi arðsemiskröfu, sem Orkustofnun metur sem svo að leiði til 1 til 13% hækkunar á orkuverði hjá OR. Þar fyrir utan hefur hækkun arðsemiskröfu dreifingar þau áhrif að 3% leiðir til 5% hækkunar á orkukostnaði og 6% arðsemi í dreifingu leiðir til 10% hækkunar á orkuverðinu.

Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðnar athugasemdir við útreikningar bæði Landsvirkjunar og Orkustofnunar. Í fyrsta lagi gera þeir ráð fyrir að hlutur drefingar sé 15% af orkuverði og miða þar við orkuverð til heimila. Hins vegar er meðalorkuverð hjá OR töluvert lægra en það og ef miðað er við raunverulegt orkuverð frá kerfi OR er flutningur og framleiðsla um 60% af útsöluverði og því flutningur nær 20% en 15% sem eykur vægi hækkunar á flutningi. Auk þess teljum við að áhrif þess að þurfa að greiða af eigin flutningi sé vanmetið. Einnig telur OR að áhrif hagræðingar sé verulega ofmetin og að engin leið sé til að hagræða á móti þeirri aukningu á arðsemiskröfu sem reiknað er með að verði fyrstu fimm árin.

Dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur er rekið án arðsemi í augnablikinu og hefur það verið gjörlegt vegna þess að notaðar hafa verið tekjur af rafmagnsframleiðslu á Nesjavöllum til að greiða niður dreifinguna. Það er lagalega hægt að halda því áfram eftir að breytingarnar á taka gildi en hætt er við að samkeppnisstaða virkjana OR verði erfið ef þær eru notaðar til að greiða niður dreifingu.

Mikið og gott starf hefur verið unnið undanfarna áratugi við að ná niður rafmagnsverði á Íslandi og þá ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Sorglegt væri að missa þann árangur allan niður. Meðfylgjandi er graf er sínir 20 ára þróun á raforkuverði til og frá Orkuveitu Reykjavíkur ásamt kostnaðarlækkun neytenda sem notar 4000 kwh á ári.

### Þróun raforkuverðs/kostnaðar mv. neysluvísitölu



Ljóst er að hækkun verður á raforku vegna þessara breytinga sem boðaðar eru í fyrirbyggjandi frumvörpum. Erfitt er að greina áhrifin nákvæmlega þar sem ekki liggur ljóst fyrir hver verður stofnefnahagur flutningskerfisins né hvernig hann verður fundinn nákvæmlega, ekki liggur fyrir hvernig gjaldskrá verður byggð upp, hver verða tengigjöld, hvernig töp verða meðhöndluð, hvernig jöfnunarorka verður útveguð og verðlög og margt fleira sem kemur til með að hafa áhrif á endanlegt verð til neytenda. Meðan svo er verður erfitt að fullyrða um áhrif breytinganna en vonandi fara aðilar sér hægt og gæta þess að valda ekki óþarfa skaða á annars mjög góðu kerfi.

Reykjavík 25. apríl 2004

Guðmundur Þóroddsson  
Hjörleifur B. Kvaran